

## M-6/2008 Álit 08. maí 2008

### Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 08. maí 2008 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málínu nr. M-6/2008:

#### I

#### Álitaefni og kröfugerð

Hinn 13. febrúar sl. móttók kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa beiðni X og Y, hér eftir líka nefnd álitsbeiðendur, um endurupptöku álits kærunefndarinnar frá 18. janúar sl. í málínu nr. M-38/2007. Þau segja ástæður fyrir beiðninni vera þær að þau hafi ekki fengið frá gagnaðila þeirra, Z, teikningu af þeim viðgerðum sem fyrirtækið hafði ráðlagt að yrðu gerðar á þakinu á húsi þeirra eða rannsóknarniðurstöður, s.s. innrauðar myndir, sem fyrirtækið segist hafa tekið við skoðun á húsinu.

#### II

#### Málsmeðferð kærunefndarinnar og málavextir

Það álit sem kærunefndin gaf 18. janúar sl. varðaði reikning Z vegna kostnaðar við skoðun og lausnir til úrbóta á því vandamáli að raki var í þaki hússins. Fram kom í andsvörum fyrirtækisins, sem verkfræðingur á þess vegum sendi kærunefndinni, að fyrir lægi teikning af þeim viðgerðum sem fyrirtækið áleit að þyrfti að framkvæma og hefðu álitsbeiðendur fengið hana í hendur. Álitsbeiðendur kváðust hins vegar ekki hafa fengið teikningarnar. Kærunefndin taldi óhætt að miða niðurstöðu sína í álitinu við að álitsbeiðendur fengju teikninguna í hendur þar sem verkfræðingurinn hafði lýst því að hún lægi fyrir og þá var ekki annað eftir en að senda hana álitsbeiðendum.

Hinn 4. mars sl. ritaði kærunefndin álitsbeiðendum bréf og lýsti því að í áliti nefndarinnar frá 18. janúar sl. hefði verið gert ráð fyrir því að reikningur Z sem beðið var álits á hefði einnig verið fyrir teikningu af framkvæmdunum. Óskaði kærunefndin eftir svari álitsbeiðanda um það hvort þau hefðu fengið teikninguna í hendur og að því svari fengnu myndi nefndin taka ákvörðun um það hvort hún tæki upp álitið frá 18. janúar. Í bréfi til kærunefndarinnar, dags. 8. mars sl., segjast álitsbeiðendur ekki hafa fengið teikninguna í hendur.

Kærunefndin ákvað í framhaldi af því að endurupptaka málið með hliðsjón af ákvæðum 24. gr. stjórnsýslulaga nr. 37/1993 af þeim ástæðum að framangreind teikning hefði ekki borist álitsbeiðendum. Kærunefndin ákvað jafnframt að málið fengi nýtt númer, þ.e. nr. M-6/2008. Taka ber fram að endurupptaka málsins byggist ekki á því að álitsbeiðendur segjast ekki hafa fengið í hendur innrauðar myndir eða rannsóknarniðurstöður. Kærunefndin álítur að rannsóknarniðurstöður liggi fyrir og eru þær eflaust m.a. byggðar á innrauðum myndum sem teknar voru og hafa þær því gert sitt gagn. Verður ekki séð að álitsbeiðendum sé sérstök nauðsyn á að hafa þessar innrauðu myndir í höndum með sama hætti og teikningu af framkvæmdinni.

Hinn 12. mars sl. ritaði kærunefndin Z bréf, lýsti málavöxtum, gaf fyrirtækinu kost á að grípa til andsvara og frest til þess til 26. mars sl. Engin andsvör hafa borist kærunefndinni.

Taka ber fram að kærunefndin hefur ekki fengið vitneskju um að álitsbeiðendum hafi borist framangreind teikning eftir að hún fékk bréf þeirra frá 8. mars. Kærunefndin tilkynnti aðilum með bréfi, dags. 14. apríl sl., að álitsbeiðnin hefði verið tekin til afgreiðslu.

### III Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og Z falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. III. kafla laga nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup, 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 og 1. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, sem viðskipti aðila falla undir.

Eins og að framan er rakið lýsti verkfræðingur á vegum Z því að fyrir lægi teikning af þeim viðgerðum sem fyrirtækið áleit að þyrfti að framkvæma við húsið að og hefðu álitsbeiðendur fengið hana í hendur. Af því dró kærunefndin þá ályktun á sínum tíma og dregur enn að Z hafi litið svo á að vinna sú sem fyrirtækið vann fyrir álitsbeiðendur, og gerði þeim reikning fyrir, hafi náð til þess að gera teikningu af nauðsynlegum framkvæmdum til þess að koma í veg fyrir rakann í þaki hússins. Þá lítur kærunefndin svo á að sú vinna sem upphaflega var samið um hafi verið til undirbúnings því að hægt væri að ráðast í framkvæmdir, hvort heldur sem þær væru á vegum Z eða annars aðila, og teikningin því hluti af þeirri undirbúningsvinnu. Niðurstaðan í þessu máli byggist á því að álitsbeiðendur hafi enn ekki fengið teikninguna í hendur. Hins vegar ætti að vera hægt að láta gera teikningu af framkvæmdunum á grundvelli þeirra rannsókna sem Z gerði fyrir álitsbeiðendur.

Kærunefndin álítur samkvæmt því sem að framan segir, og með hliðsjón af ákvæðum 13. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup, að þar sem álitsbeiðendur hafi ekki fengið afhenta umrædda teikningu af viðgerðum eigi þeir rétt á því að fá afslátt af hinum umdeilda reikningi. Þeir tveir reikningar sem álitsbeiðendur hafa greitt fyrir vinnu Z og verkfræðings þess fyrirtækis eru samtals að fjárhæð kr. 563.666, þ.e. reikningur verkfræðings kr. 149.400 og reikningur Z kr. 414.266. Kærunefndin hefur vissulegar litlar forsendur til þess að meta það hve mikil vinna fylgdi eða myndi fylgja gerð teikningarinnar og er því óhjákvæmilegt að meta það að álitum. Niðurstaða kærunefndarinnar er því sú að hæfilegt sé að álitsbeiðendur fái 60.000 króna afslátt af reikningi Z, sem hið fyrra álit náði til, fái þeir ekki teikninguna í hendur frá Z eða verkfræðingi fyrirtækisins innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa álits, en rétt þykir að gefa þeim aðilum ákveðinn frest til þess að koma teikningunni í hendur álitsbeiðenda að þessu álti gengnu.

### V Álitsorð

Z gefi álitsbeiðendum, X og Y kr. 60.000 afslátt af reikningi fyrirtækisins kr. 414.266, fái þau ekki í hendur teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum við þak hússins, frá Z eða verkfræðingi fyrirtækisins innan tveggja vikna frá dagsetningu þessa álits.

---

Friðgeir Björnsson  
formaður

---

Guðrún Björk Bjarnadóttir

---

Jón Magnússon